

Ágæti viðtakandi

Reykjavík, 30. október 2024
UST202406-322/S.K.V.
09.04.03

Efni: Fossvogsbakkar - Háubakkar - Laugarás - Stjórnar og verndaráætlun

Umhverfisstofnun hefur í samstarfi við Reykjavíkurborg hafið vinnu við endurskoðun á Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þrjú náttúruvætti innan borgarmarkana. Svæðin sem um ræðir eru Fossvogsbakkar, Háubakkar og Laugarás. Fossvogsbakkar voru friðlýstir með auglýsingu nr. 326/1999, Háubakkar með auglýsingu nr. 347/1983 og Laugarás með auglýsingu nr. 41/1982.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er það hlutverk Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Núverandi verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir þessum náttúruvætti gildir til ársins 2024 og því æskilegt að hefja vinnu að endurskoðun nógildandi áætlunar.

Gert er ráð fyrir að formlegt kynningarferli hefjist á vormisseri 2025 og að lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar verði tilbúin sumarið 2025. Skilgreindir samráðsaðilar verða upplýstir með tölvupósti þegar kynningarferli hefst.

Þér er boðið að fylgjast með þessari vinnu og senda inn athugasemdir eða viðbrögð. Fundargerðir og önnur vinna við áætlunina verða birtar á vefsíðu Umhverfisstofnunar sjá: <https://ust.is/nattura/stjornunar-og-verndaraetlanir/stjornunar-og-verndaraetlanir-i-vinnslu/fossvogsbakkar-haubakkar-og-laugaras/>.

Við hvetjum þig jafnframt til að kynna þér núverandi verndaráætlanir á vefsíðum Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar.

Fossvogsbakkar:

<https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/fossvogsbakkar-reykjavik/>

<https://reykjavik.is/fossvogsbakkar>

Laugarás:

<https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/laugaras-reykjavik/>

<https://reykjavik.is/laugaras>

Háubakkar:

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/haubakkar-reykjavik/>

<https://reykjavik.is/haubakkar>

Umhverfisstofnun upplýsir hér með að vinna við endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar er hafin. Haft verður samband við samráðsaðila eftir þörfum. Eru þeir hvattir til að kynna sér vinnu við gerð viðbótarinnar en upplýsingar um vinnuna eru að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Ábendingum og athugasemdum sem nýtast munu við vinnuna er fagnað en þeim má koma á framfæri við Svein Kára Valdimarsson, sveinn.k.valdimarsson@umhverfisstofnun.is eða í síma 591 2000.

Virðingarfyllt,

Sveinn Kári Valdimarsson

sérfræðingur

René Biasone

svæðissérfræðingur